

Landsteinar – 5. kafli

Suðurland

Á Suðurlandi er mikið undirlendi og það er því mikið landbúnaðarsvæði. Þar er mikil kartöflurækt og víða er jarðhiti svo að margir garðyrkjubændur rækta grænmeti og blóm í gróðurhúsum.

Margir þekktir ferðamannastaðir eru á Suðurlandi. Þar má nefna Þingvelli, Skaftafell og Þórsmörk. Í Skaftafelli er skjólgott og veðursælt. Upp af Skaftafelli er Örafajökull og hæsti tindur hans, Hvannadalshnúkur, er hæsta fjall landsins (2110 m). Í Skaftafelli og á Þingvöllum eru þjóðgarðar. Á Suðurlandi eru þekktustu eldfjöll landsins, Hekla og Katla. Þar er líka frægasti hverinn, Geysir, og frægasti fossinn, Gullfoss.



Á Höfn er líflegt sjávarpláss umgirt tígulegum jöklum. Ströndin er sendin og var hafnlaus allt til Þorlákshafnar lengi vel og mjög hættuleg skipum. Áður fyrr strönduðu mörg skip á grynningum og grófst í sandinn. Árið 2010 var Landeyjahöfn tekin í notkun. Þaðan siglir Herjólfur til Vestmannaeyja.

Þingvellir eru án efa sögufrægasti staður Íslands. Þar stofnuðu Íslendingar Alþingi árið 930. Í Íslendingabók segir Ari fróði að Grímur geitskör hafi ferðast um landið í leit að þingstað. Hann valdi þinginu stað sem síðar var nefndur Þingvöllur við Öxará. Þar var þingið haldið fram til 1798 en var síðan lagt niður árið 1800. Alþingi var endurreist í Reykjavík 1845 og hefur starfað þar síðan, fyrst í Latínuskólahúsinu og svo í Alþingishúsinu við Austurvöll.

Störf Alþingis að fornu fóru fram undir berum himni. Þingið var sett og því slitið að Lögbergi. Valdamestu menn landsins voru *goðar*. Á Alþingi á Þingvöllum komu þeir allir saman á stað sem var kallaður Lögrétta. Aðalstarf goðanna á Alþingi var að setja lög og velja dómara. Á Alþingi kusu allir goðarnir einn *lögsögumann*. Hann stjórnaði fundunum á Lögréttu og áður en Íslendingar lærðu að lesa og skrifa bækur sagði hann lögin eins og sögu á þinginu.



Þingvellir voru samþykktir á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (Unesco) 2. júlí 2004. Með samþykktinni eru Þingvellir meðal tæplega 800 menningar- og náttúruminjastaða á heimsminjaskránni sem taldir eru hafa einstakt gildi fyrir alla heimsbyggðina.

Verkefni

1. Finnið nokkra þéttbýlisstaði á Suðurlandi.

2. Margir af stærstu þéttbýlisstöðum á Suðurlandi liggja ekki að sjó. Af hverju?

3. Hvaða atvinnugreinar er ólíklegt að séu stundaðar á þessum stöðum?

- | | |
|--|--|
| <input type="checkbox"/> útgerð og fiskvinnsla | <input type="checkbox"/> iðnaður |
| <input type="checkbox"/> hefðbundinn landbúnaður | <input type="checkbox"/> verslun og þjónusta |
| <input type="checkbox"/> ylrækt | <input type="checkbox"/> ferðaþjónusta |

4. Hvaða grænmeti er ræktað í gróðurhúsum á Íslandi?

5. Þekkið þið fleiri vinsæla ferðamannastaði á Suðurlandi?

6. Hver eru tengsl Þingvalla við forna tíð?

7. Hvað merkir að Alþingi hafi farið fram undir berum himni?

8. Hvar og hvaða hús er Latínuskólahúsið?

9. Nefnið tvö önnur dæmi um staði í heiminum sem hafa verið samþykktir á heimsminjaskrá Unesco.

10. Skoðið myndun orðanna *endurreisa*, *hafnlaus*, *sendinn* og *grynningar*; greinið forskeyti/forlið, rót og viðskeyti þar sem við á.

Vestmannaeyjar

Vestmannaeyjar liggja úti fyrir Suðurlandi. Eyjarnar hafa allar orðið til við eldgos á hafsbotni. Eyjarnar eru mjög brattar og þar er mikið fuglalíf.

Heimaey er stærsta eyjan og sú eina sem er byggð. Íbúar á Heimaey eru rúmlega 4000. Vestmannaeyjar eru stærsta verstöð landsins.



23. janúar árið 1973 varð eldgos á Heimaey. Nóttina sem það hófst voru flestir bæjarbúar, um 5300 manns, fluttir á bátum til lands. Gosið stóð yfir í rúma fimm mánuði og eftir að því lauk fór fólk að flytja heim aftur. Í gosinu rann hraunið yfir austurhluta bæjarins og um 400 hús fóru undir ösku að meira eða minna leyti, um 60% allra húsa bæjarins.

Um tíma leit út fyrir að hraunið lokaði höfninni en Eyjamenn reyndu að stöðva hraunrennslið með því að dæla á það sjó. Þeim tókst að bjarga höfninni og reyndist hún meira að segja betri eftir gos en áður. Í gosinu varð til nýtt 200 metra hátt fjall sem fékk nafnið Eldfell.

Verkefni

Hvað er rétt?

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Flestar Vestmannaeyja eru í byggð. | <input type="checkbox"/> Eldgosið í Heimaey hófst að næturlagi. |
| <input type="checkbox"/> Gosið stóð yfir í um eitt ár. | <input type="checkbox"/> Meirihluti húsa í Eyjum fór undir ösku. |
| <input type="checkbox"/> Eyjamenn björguðu höfninni. | <input type="checkbox"/> Eldfell er gamalt eldfjall. |

Náttúra Íslands

Náttúra landsins er falleg og oft er hún líka hrikaleg og stórbrotin. Náttúran hefur mikið aðdráttarafl og árlega koma þúsundir ferðamanna hingað til að njóta og virða fyrir sér fegurð náttúrunnar. Margir tengjast náttúrunni sterkum böndum. Útivistarfólk og áhugafólk um náttúrufrýrbæri notar hvert tækifæri til að ganga á

fjöll og njóta kyrrðarinnar á fjöllum og öðrum fáförnum stöðum víða um land. Jarðvísindamenn hvaðanæva koma hingað til að rannsaka náttúruna og fylgjast með síbreytilegum ummyndunum hennar.

En náttúran í þessu unga landi á sér líka aðrar og erfiðari hliðar. Náttúruöflin eru sterk, ófyrirsjáanleg og oft hættuleg. Á Íslandi er ýmiss konar náttúruvá sem allir þurfa að þekkja og bera virðingu fyrir. Mörgum finnst svolítið sérkennilegt að Íslendingar skíra börn í höfuðið á hættulegustu eldfjöllum landsins, Heklu og Kötlu! Af hverju ætli það sé gert? Er það gert í öðrum löndum?

Verkefni

Hvaða hættur búa í náttúrunni? Merkið við það sem á við um Ísland. Hvað á við um heimalönd ykkar?

___ aurflóð	___ jarðskjálftar
___ eldgos	___ kuldi
___ fellibylur	___ þurrkar
___ flóð	___ óveður
___ hitabylgjur	___ skógareldar
___ hættuleg spendýr / skriðdýr	___ skýstrokkar
___ hættuleg skordýr	___ snjóflóð

Bréf

1. **Staður og dagsetning.** Staður er í þágufalli en dagsetning í þolfalli.

Hafnarfirði, 20. 2. 2021

2. **Ávarpsorð.** Algengustu ávarpsorðin eru lýsingarorðin *kær* (í veikri beygingu) og nafnorðið *elska* (í eignarfalli)

Kæru vinir

Kæra systir

Elsku mamma

Elsku Nonni minn

Þetta eru persónuleg ávörp. Ef við viljum ávarpa einhvern sem við þekkjum ekki persónulega er oft notað lýsingarorðið *ágætur* (í veikri beygingu).

Ágæta stjórn
Ágæti viðtakandi

3. **Kveðjur.** Algengustu kveðjurnar eru líklega þessar:

Bestu kveðjur / Kær kveðja / Kærar kveðjur

Bið að heilsa (öllum)

Skilaðu kveðju til allra / mömmu / Nonna

Og í lokin: Þinn / Þín

Verkefni

Setjið viðeigandi ávarpsorð í eyðurnar.

_____ nemendur	_____ vinkona
_____ samstarfsmenn	_____ vinur
_____ vinkonur	_____ bróðir
_____ pabbi og mamma	_____ viðtakendur
_____ amma	_____ bankastjóri

Blaðagrein:

Bókakaffið á Selfossi er andleg orkustöð á flatlendinu



Fyrsta bóksalan Bjarni seldi fyrstu bókina 2006. Sá sem keypti var Sigurður Harðarson, hjúkrunarfræðingur frá Holti, eða Siggí pönk, hér með dóttur sinni.

Þær eru margskonar lýsingarnar sem fólk hefur látið falla um Bókakaffið á Selfossi, en það reka þau og eiga heiðurshjónin Elín Gunnlaugsdóttir tónskáld og Bjarni Harðarson, bóksali og rithöfundur. Sumir segja það besta bókakaffi í heimi, aðrir segja það vera andlega orkustöð á flatlendinu.

Bókakaffið lætur ekki mikið yfir sér en þar er afar mikla andlega næringu að finna sem og vöflur, kökur og kaffi fyrir kroppinn. Þar er boðið upp á hina ýmsu menningarviðburði, sem eðli málsins samkvæmt eru oft tengdir bókaútgáfu, enda er bókaútgáfan Sæmundur til húsa á sama stað. Bókakaffið byrjaði fornbókasölu 2009 og nú eru um 24 þúsund titlar gamalla bóka á skrá í netbókabúð.

Bókakaffið fagnar tíu ára afmæli í dag, föstudag, og eru gestir velkomnir af því tilefni. „Á afmælisdaginn verður formlega settur á laggirnar bókaklúbbur sem heitir einfaldlega Sæmundur á sparifötunum og af því tilefni verður fólki boðið upp á þetta sögulega og menningarlega kex, Sæmund á sparifötunum, sem bragðast mjög bókmenntalega og sögulega þó að Kexverksmiðjan Esja sé ekki lengur við lýði. Einn höfundanna sem lesa hjá okkur á afmælinu þekkti Sæmund persónulega og mun aðeins segja frá honum,“ segir Bjarni og bætir við að slegið verði upp afmælisveislu frá kl. 15-18 í Bókakaffinu og klukkan 20 í kvöld sé menningardagskrá í boði Bókakaffisins og Uppbyggingarsjóðs Suðurlands.

„Í afmælisveislunni klukkan þrjú verður að sjálfsgöðu afmæliskaffi í boði hússins. Auk þess mæta rithöfundar víðs vegar að og lesa upp, bóksalar bjóða upp kostgripi og sérstök afsláttarkjör verða á bæði nýjum og gömlum bókum. Rithöfundarnir sem mæta eru Ásdís Thoroddsen, Óskar Árni Óskarsson, Hallgrímur Helgason, Pjetur Hafstein Lárusson, Guðmundur Brynjólfsson, Halldóra Thoroddsen, Guðrún Eva Mínervudóttir og Hermann Stefánsson. Þá les Heiðrún Ólafsdóttir, rithöfundur og þýðandi, upp úr nýútkomnu verki grænlenska höfundarins Sørine Steenholdt.

Í kvöld er einnig dagskráin Ljóðfæri, en þar koma fram feðgarnir Þórarinn Eldjárn, ljóðskáld og rithöfundur, og Halldór Eldjárn, tónlistarmaður og tölvufræðingur. Þeir gramsa í ljóða- og hljóðasörpum sínum, spinna og tvinna, með hjálp ritvéla, hljómborða og lyklaborða. Einnig koma við sögu segulbönd, hljóðgervlar, bækur, fetlar, blöð, hristur, burstar, snerill og blýantur.“

Verkefni

1. Hvað er bókakaffi? _____
2. Hvert er viðurnefni Sigurðar Harðarsonar? _____

3. Hvað er Sæmundur á sparifötunum? _____
4. Af hverju er boðið upp á Sæmund á sparifötunum í afmælinu? _____

5. Hver var Sæmundur? _____
6. Í greininni eru nefndir nokkrir rithöfundar. Hvaða nöfn kannist þið við? _____

7. Kvölddagskráin heitir Ljóðfæri. Hvernig er þetta orð hugsað? Þekkið þið önnur svipuð orð? _____
8. Hvað merkir *sarpur*? _____
9. Feðgarnir spila á ýmsa hluti sem ekki teljast vera hljóðfæri. Hvaða hlutir eru það?

10. Finnið önnur orð eða annað orðalag:
- lætur ekki mikið yfir sér = _____
- kroppinn = _____
- settur á laggirnar = _____
- sé ekki lengur við lýði = _____
- slegið verði upp afmælisveislu = _____
- koma við sögu = _____